

Sviðsstjóri byggingsviðs



Ríkiseignir óska eftir að ráða drífandi og framsýnan leiðtoga í starf sviðsstjóra byggingsviðs. Á sviðinu starfa tólf starfsmenn en hlutverk þess er að meta ástand fasteigna með tilliti til viðhaldsþarfa, nauðsynlegra endurbóta og aðlögun að breyttri starfsemi. Sviðsstjóri ber ábyrgð á stjórnun og daglegum rekstri sviðsins ásamt framþróun verkefna. Sviðsstjóri heyrir undir framkvæmdastjóra og er hluti af stjórnendateymi stofnunarinnar.

■ Helstu verkefni og ábyrgð:

- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri og mannauðsmálum sviðsins
- Yfirumsjón með viðhalds-, breytinga- og endurbótaverkefnum
- Yfirumsjón með gerð fjárhags- og framkvæmdaáætlana
- Yfirsýn yfir verkefnastöðu og eftirfylgni með markmiðum
- Tryggja samræmt verklag sviðsins
- Leiðandi í umbótum, stefnumótun og markmiðasetningu
- Ábyrgð á innkaupum og að þau séu samkvæmt settum lögum og reglum
- Stendur skil á rekstrarniðurstöðum og uppgjöri sviðsins

■ Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í verk-, tækni-, byggingafræði eða sambærileg menntun. Framhaldsmenntun er kostur
- Leiðtogaþæfileikar og framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af mannauðsmálum og geta til að byggja upp öflugt teymi
- Reynsla af stjórnun verklegra framkvæmda
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun og áætlanagerð
- Reynsla af straumlinustjórnun er kostur
- Góð þekking á öryggis-, heilsu- og umhverfismálum
- Góð þekking á lögum og reglum er varða byggingarmál
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýlu er kostur
- Góð tölvukunnáttu, skipulagshæfni og öguð vinnubrögð
- Góð íslensku- og enskukunnáttu í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með **25. maí 2021**. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknir gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) í síma 511 1225.

Ríkiseignir hafa umsjón með fasteignum, jörðum og auðlindum í eigu ríkisins í umboði fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Hlutverk Ríkiseigna er að tryggja örugga og hagkvæma umsýslu þessara eigna. Umsýsla fasteigna felst í útleigu húsnæðis til stofnana ríkisins, viðhaldi fasteigna og daglegum rekstri þeirra.

Byggingasvið Ríkiseigna hefur umsjón með um 500 þúsund fermetrum húsnæðis í um 300 fasteignum viðsvegar um landið. Hlutverk sviðsins er að meta ástand fasteigna með tilliti til viðhaldsþarfa, nauðsynlegra endurbóta og aðlögun að breyttri starfsemi. Það fer síðan eftir stærð verkefna hvort þau eru boðin út í opnum útboðum eða sem örútboð innan rammasamnings.

Nánari upplýsingar um Ríkiseignir má finna á www.ríkiseignir.is.